



AÐ BYRJA Í GRUNNSKÓLA



Skólaskylda er fyrir öll börn á Íslandi sem náð hafa sex ára aldri eða verða sex ára á árinu. Hjá Akureyrarbæ eru starfræktir níu grunnskólar og á barnið rétt á skólavist í sínum hverfisskóla.



Brekkuskóli

Giljaskóli

Glerárskóli

Hlíðarskóli

Hríseyjarskóli

Lundarskóli

Naustaskóli

Oddeyrarskóli

Síðuskóli

Innritun



Skráning í 1. bekk í grunnskóla fer fram í febrúar. Foreldri/forráðamaður skal sækja um skólavist og er það gert inni á heimasíðu Akureyrarbæjar (þjónustugátt). Fylla þarf inn upplýsingar og mun ritari þess skóla sem sótt er um hafa samband við foreldri/forráðamann varðandi nánari upplýsingar.

Umsóknarform fyrir grunnskóla

Nánari upplýsingar um skólavist og innritun

Heimsókn

Þegar opnar fyrir skráningu í byrjun febrúar stendur varðandi nemendum 1. bekkjar og foreldrum/forráðamönnum þeirra til boða að koma í heimsókn, skoða skólana og hitta kennara og stjórnendur. Leikskólar senda nánari upplýsingar um heimsóknadaga á foreldra/forráðamenn. Þá eru heimsóknadagar einnig auglýstir á heimasíðu Akureyrarbæjar og inni á heimasíðum skólanna í febrúar ár hvert. Eftir að innritun lýkur bjóða skólar varðandi nemendum sínum ásamt foreldrum/forráðamönnum á kynningu þar sem þeim gefst tækifæri til að hitta stjórnendur og varðandi umsjónarkennara aftur. Kynningarnar eru auglýstar á heimasíðum skólanna sem og í tölvupósti til foreldra/forráðamanna.

Skólabyrjun

Skólasetning er alla jafna fyrir nemendur í 2. – 10. bekk. Tímasetning skólasetningar er auglýst á heimasíðu skólanna. Þau börn sem eru að byrja í 1. bekk fá boð um að hitta umsjónakennarann sinn ásamt foreldrum/forráðamönnum í upphafi skólaárs. Fyrstu dagar nemenda í 1. bekk eru því viðtalsdagar og því ekki hefðbundnir skóladagar. Fjöldi viðtalsdaga ræðst af fjölda nemenda og geta því verið frá einum degi upp í nokkra daga. Eftir að viðtalsdögum lýkur mæta nemendur 1. bekkjar samkvæmt stundatöflu.



Námsgögn

Akureyrarbær útvegar öllum grunnskólabörnum ritföng til notkunar í skólanum. Foreldrar útvega skólatösku, ritföng til afnota heima fyrir, íþrótt- og sundfatnað.

Skóladagatal

Skóladagatöl eru gefin út árlega og hafa að geyma upplýsingar varðandi skipulag skólaársins, helstu viðburði og uppbrotsdaga hvers skóla. Hver skóli gefur út sitt skóladagatal sem finna má á heimasíðum skólanna.

Vetrarfrí, haustfrí og skipulagsdagar

Vetrarfrí og haustfrí er í öllum grunnskólum Akureyrarbæjar. Haustfrí eru að jafnaði fyrsta mánudag og þriðjudag eftir 20. október og vetrarfrí að jafnaði fimmtudag og föstudag eftir öskudag ár hvert. Frístundaheimili eru opin á þessum dögum en þó með skertri opnun einhverja daga. Nánari upplýsingar um vetrarfrí, haustfrí og skipulagsdaga er að finna á skóladagatölum skólanna og inni á heimasíðum skólanna.

Matar- og kaffítímar

Allir grunnskólar á Akureyri hafa mótuneyti þar sem nemendum býðst að fá heitan mat í hádeginu. Samræmi er á milli matseðla í leik- og grunnskólum Akureyrarbæjar en fylgt er 4ra vikna rúllu (matseðli). Flestir grunnskólar bjóða einnig upp á morgunmat og ávexti gegn vægu gjaldi. Skrá þarf barn í matar- og ávaxtaáskrift í gegnum Völu kerfið og er kostnaður áskriftar skv. gjaldskrá Akureyrarbæjar.



Gjaldskrá Akureyrarbæjar

4ra vikna rúlla

Sækja um mataráskrift í gegnum Völu

Ef barn er ekki skráð í mataráskrift er mikilvæg að það sé nestað að heiman með næringarríku og hollu fæði. Ekki er leyfilegt að koma með sætabrauð, gos eða nammi nema með leyfi kennara og þá á tyllidögum.

Ofnæmi og óþol

Ef barn er með fæðuofnæmi eða óþol eru foreldrar/forráðamenn beðnir um að upplýsa hjúkrunarfræðing skólans um það. Nauðsynlegt er að framvísa læknisvottorði til staðfestingar um ofnæmi.

Íþróttir og sund

Akureyri hefur verið Heilsueflandi samfélag frá árinu 2015 og sækja nemendur íþróttir og sund frá upphafi skólagöngu. Mikilvægt að þeir hafi viðeigandi klæðnað meðferðis þá daga sem íþrótt- og sundtímar eru (stuttbuxur, bol, íþróttaskó fyrir íþróttatíma og sundbol eða sundskýlu fyrir sundtíma). Þá þurfa



nemendur einnig að koma með handklæði þar sem æskilegt er að allir nemendur fari í sturtu eftir íþrótt- og sundtíma. Frekari upplýsingar eru sendar til foreldra frá skóla og/eða íþróttakennurum.

Frístundastyrkur

Akureyrarbær býður upp á frístundastyrk fyrir öll börn á grunnskólaaldri. Hægt er að nýta styrkinn til að niðurgreiða þátttöku barna í íþrótt-, tómstunda- og æskulýðsstarfi innan Akureyrarbæjar.

Sjá nánar um frístundastyrk

Heilsuvernd

Heilsuvernd skólabarna í grunnskólum Akureyrar er sinnt af hjúkrunarfræðingum frá Heilbrigðisstofnun Norðurlands (HSN). Helstu áherslur í heilsuvernd skólabarna eru forvarnir, fræðsla, skímanir og bólusetningar. Nánari upplýsingar um heilsuvernd skólabarna er að finna á vefsíðum skólanna og inni á Heilsuveru.



Fjarvistir

Mikilvægt er að tilkynna strax fjarvist ef barnið kemst ekki í skólann og skal það vera tilkynnt til ritara viðkomandi skóla eða í gegnum Mentor kerfið. Í Hlíðarskóla er mikilvægt að hringja inn öll veikindi. Nauðsynlegt er að tilkynna alla daga sem barn mætir ekki. Ef barnið er mikið fjarverandi getur skólinn óskað eftir vottorði.

Leyfi

Fyrir skammtímaleyfi eða leyfi í einstökum tímum, skal óska eftir því hjá umsjónarkennara viðkomandi skóla eða skólastjórnendum. Ef óskað er eftir leyfi fyrir þrjá eða fleiri daga þarf að óska sérstaklega eftir því við skólastjóra með því að fylla út leyfisbréf sem finna má á heimasíðum skólanna. Athygli er vakin á því að skólaskylda er hjá grunnskólabörnum og því mikilvægt að skólasókn sé mjög góð. Ef tímabundin undanþága barns frá skólagöngu er samþykkt er það á ábyrgð forráðamanna að tryggja að nemandinn vinni upp það sem hann kann að missa úr námi á meðan það er fjarverandi sbr. 15. gr. grunnskólalaga frá 2008.

Símareglur í grunnskólum Akureyrarbæjar

Samræmdar símareglur tóku gildi í öllum grunnskólum Akureyrarbæjar í ágúst 2024

Frístundaheimili

Frístundaheimilin eru hluti af starfi grunnskóla og eru ætluð börnum í 1.- 4. bekk. Starf frístundaheimila hefst eftir að hefðbundnum skóladegi lýkur og er mikil áhersla lögð á vandað og uppbyggjandi starf þar sem áhersla er lögð á frjálsan leik og óformlegt nám.

Sjá nánar um frístundaheimili

Gjaldskrá frístunda

Stefnumótun frístundaheimila

Sækja um í frístund



Félagsmiðstöðvar (FÉLAK)

Á Akureyri eru sex félagsmiðstöðvar sem staðsettar eru í Rósenborg, Giljaskóla, Glerárskóla, Naustaskóla, Oddeyrarskóla og Síðuskóla. Félagsmiðstöðvarnar eru ætlaðar nemendum í 8.-10. bekk en einnig er í boði opið starf og klúbbastarf fyrir miðstig grunnskóla.

Sjá nánar um starf FÉLAK

Facebook síða FÉLAK



Að skipta um grunnskóla

Á Akureyri eru starfræktir níu grunnskólar, þar af sjö sem staðsettir eru innan bæjarmarka. Aðrir skólar eru grunnskólinn í Hrísey og Hlíðarskóli sem er staðsettur í Skjaldarvík norðan Akureyrar. Þar sem skólaval er á Akureyri geta foreldrar sótt um annan skóla en hverfisskólann. Sækja þarf um í gegnum þjónustugátt Akureyrar ef óskað er eftir að barnið skipti um skóla. Hafa þer í huga að skólar sem ekki eru hverfisskólar hafa ekki skyldu til að samþykkja slíka umsókn, en fjöldi nemenda í bekk og stærð skóla ræður þar för.

Sjá nánar um skólaval

Námsvist í öðru sveitarfélagi

Hægt er að sækja um námsvist í öðru sveitarfélagi þó barnið sé með lögheimili á Akureyri, en um það gilda ákveðna reglur. Mikilvægt er að foreldrar/forráðamenn kynni sér vel reglurnar um námsvist í öðru sveitarfélagi áður en sótt er um. Sækja þarf um í gegnum þjónustugátt Akureyrarbæjar

Reglur um námsvist utan Akureyrarbæjar

Umsókn um námsvist utan Akureyrarbæjar

Menntastefna Akureyrar

Allt skólastarf í grunnskólum Akureyrarbæjar byggir á stefnu yfirvalda um menntun fyrir alla. Þá hafa allir grunnskólar Menntastefnu Akureyrarbæjar að leiðarljósi sem ber heitið *Með heiminn að fótum sér*. Meginmarkmið stefnunnar er að börnum séu skapaðar aðstæður til að geta sem fullorðnir einstaklingar borið ábyrgð á eigin menntun, heilbrigði og velferð.

Sjá nánar um Menntastefnu Akureyrarbæjar



Farsældarlögin



Öll börn og foreldrar skulu hafa aðgang að tengilið þjónustu í þágu farsældar barns eftir því sem þess er óskað. Frá meðgöngu og fram að skólagöngu barns er tengiliður í heilsugæslu. Þegar barn er við nám í leik-, grunn- eða framhaldsskóla er tengiliður starfsmaður skólans. Hlutverk tengiliðar er fyrst og fremst að veita upplýsingar, aðstoða foreldra og barn og styðja við á fyrsta stigi í samræmi við óskir foreldra og/eða barns.

Sjá nánar um Farsæld barna á Akureyri

Barnvæn sveitarfélög og réttindaskólar

Akureyrarbær er barnvænt sveitarfélag. Hugmyndafræðin byggir á alþjóðlegu verkefni UNICEF og er verkfærakista og líkan sem styður við innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna inn í allt starf sveitarfélagsins. Barnvæn sveitarfélög eiga markvisst samráð við börn og ungmenni og nýta raddir þeirra til að bæta þjónustu sveitarfélagsins. Nokkrir grunnskólar Akureyrarbæjar hafa innleitt eða eru að innleiða hugmyndafræði réttindaskóla Unicef, en með því að vera réttindaskóli skuldbindur starfsfólk skólans sig til að leggja áherslu á að rækta með markvissum hætti þekkingu, leikni og viðhorf sem hjálpa börnum að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í nútímasamfélagi. Grunnforsendur Barnasáttmálans verða útgangspunktur í allri ákvarðanatöku í skóla- og frístundastarfi Réttindaskólanna.

Sjá nánar um Barnvænt sveitarfélag

Sjá nánar um innleiðingu Barnvæns sveitarfélags

Heimili og skóli

Heimili og skóli veita ráðgjöf og stuðning til foreldra og foreldrasamtaka um allt land, ásamt því að gefa út fjölbreytt fræðsluefni til stuðnings við foreldra. Markmið þeirra er að stuðla að bættum uppeldis- og menntunarskilyrðum barna og ungmenna.

Sjá nánar um Heimili og skóli

SAMTAKA

Samtaka- svæðisráð foreldra nemenda í grunnskólum Akureyrarbæjar er samstarfsvettvangur foreldra barna í grunnskólum Akureyrarbæjar og málsvari foreldra grunnskólanemenda í sveitarfélaginu. Tilgangur Samtaka er að styrkja rödd foreldra sem hagsmunahóps í sveitarfélaginu og sameina krafta þeirra til góðra verka í skólamálu.

Sjá nánar um SAMTAKA

Myndband um
grunnskólana á
Akureyri

